

19. FUNDUR Í ÚTHLUTUNARNEFND UPPBYGGINGARSJÓÐS VESTURLANDS

HALDIN Á TEAMS, MÁNUDAGINN 13. DESEMBER 2021 KL. 13:00

Fundur haldinn í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vesturlands, mánudaginn 13. desember kl. 13:00 með fjarfundabúnaði á Teams.

Mætt voru:

Úthlutunarnefnd: Helena Guttormsdóttir formaður stjórnar, Jónína Erna Arnardóttir, Sigríður Finsen, Kristján Sturluson, Brynjar Sigurðsson.

Auk þess sátu fundinn eftirtaldir starfsmenn SSV: Ólafur Sveinsson, Ólöf Guðmundsdóttir, Helga Guðjónsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson, Páll Brynjarsson og Svala Svavarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning

Formaður stjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hún gaf Svölu Svavarsdóttir sem fór yfir skipulag fundarins.

2. Umsóknir um styrki til atvinnu- og nýsköpunarstyrkja 2022

Atvinnuráðgjafarnir, Ólöf Guðmundsdóttir, Ólafur Sveinsson og Helga Guðjónsdóttir gerðu grein fyrir mati fagráðs á umsóknum um styrki til atvinnu- og nýsköpunarverkefna. Úthlutunarnefnd fór yfir allar umsóknirnar og ræddi mat fagráðs. Samþykkt var að úthluta kr. 13.470.000 til 17 umsókna en alls bárust 29 umsóknir.

3. UMSÓKNIR UM STYRKI TIL MENNINGARVERKEFNA OG STOFN- OG REKSTRARSTYRKJA 2022

Úthlutunarnefnd fór yfir allar umsóknir sem bárust í hluta stofn- og rekstrarstyrkja annars vegar og menningarstyrkja hins vegar og ræddu mat fagráðs. Samþykkt var að úthluta í stofn- og rekstrarstyrki kr. 5.760.000 til 8 umsókna en alls bárust 14 umsóknir í þann hluta. Einnig var samþykkt að úthluta kr. 28.350.000 til 70 umsókna en alls bárust 84 umsóknir í þann hluta.

4. Niðurfelling eldri styrkja

Svala kynnti og lagði til niðurfellingu eldri styrkja sem koma til vegna þess að hætt var við verkefni eða að verkefni kláruðust ekki.

-Atvinnu- og nýsköpunarstyrkir 3.700.000 felld niður 31.12.2021

-Menningarstyrkir 925.000 felld niður 31.12.2021

-Stofn- og rekstrarstyrkir 125.000 felld niður 31.12.2021

-Öndvegisstyrkir 3.750.000 felld niður 31.12.2021

Samþykkt var að fella niður og hluti nýttur í úthlutunina 2022.

5. Úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs

Rætt um úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs Vesturlands. Starfsmönnum SSV ásamt Helenu formanni falið að ákveða tímasetningu hvort hún verði rafræn eða haldin með hefðbundnum hætti út frá samkomutakmörkunum sem verða gildandi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:40.